

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamál í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 16. TBL.

30. NÓVEMBER 2007

Jólabemasýning í Hvaleyrarskóla í morgun

Alla þessa viku hafa nemendur í Hvaleyrarskóla staðið í ströngu í námi og unnið að þemaverkefni sem nefndist jólin. Í morgun var sýning í skólanum þar sem afrakstur nemenda var sýndur. Foreldrum og öðrum gestum var boðið í skólann og þáðu fjölmargir boðið því mikil aðsókn var

á sýninguna.

Markmiðið með skólastarfinu þessa viku var að efla samstarf og vináttu meðal nemenda, kynna þeim jólahald fyrr og nú á Íslandi og erlenda jólasíði. Mikilvægt var þá að unnið væri að fjölbreyttum verkefnum sem reyndu á sköpunarhæfni nemenda.

Myndirnar hér eru af jóla-skrauti sem varð til í vikunni og var til sýnis á sýningunni.



Tekið jólafrí frá námskeiðahaldinu

Námskeiðahaldi Skólaskrifstofu á haustönn er lokið. Alls voru skipulögð 27 námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla (fyrir utan námskeiðahald hjá PMT) og féllu þrjú af þessum námskeiðum niður sökum ónógrar þátttöku (skráninga) á þeim. Alls var gert ráð fyrir að um 570 pláss væru laus á námskeiðin en skráningar á þau voru 445. Af þeim mættu 375 manns í einn eða fleiri tíma námskeiðs. Kennarar, skóla-

stjórnendur og annað fagfólk skóla er nálægt 340 manns sem merkir það að jafnaði að hver kennari hafi sótt 1,1 námskeið að meðaltali hjá Skólaskrifstofu á haustönn.

Nú tekur við sá tími að



Skólaþróun

skipulag námskeiða fyrir vorönn fer í hönd. Sum námskeiðanna sem voru í haust halda áfram á vorönn og eru það sum námskeiðanna fyrir skólastjórnendur. Einhver verða endurtekin frá haustönn eða með framhald og ný verða til. Áætlað er að um 10 ný námskeið bætist við á vorönn. Gert er ráð fyrir nýjum námskeiðsbæklingi eftir áramót sem verður sendur út.

Myndin er frá námi í PMT-grunnmenntun í vikunni og sýnir starfsmenn úr leik- og grunnskólum í Hafnarfirði.



Syngjandi jóli á morgun

Kórar grunnskólanna á Syngjandi jólum í Hafnarborg 1. des.:

- Kór Öldutúnsskóla kl. 10.20-10.40.
- Kór Hvaleyrarskóla kl. 10.40-11.
- Kór Áslandsskóla kl. 11.40-12.
- Kór Lækjarskóla kl. 12.40-13.
- Kór Setbergsskóla kl. 14.20-14.40.
- Kór Engidalsskóla kl. 15.2-15.40.



Tilkynning vikunnar

Námskeiðum er lokið á haustönn og við tekur undirbúningur námskeiða fyrir vorönn. Þau verða kynnt kennurum í janúar.

Næsta blað
Skólavefritisins er
væntanlegt föstudaginn
7. desember 2007

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


- » Á vef Námsgagnastofnunar koma stærðfræðijólabrautir daglega í desember. Sú fyrsta er komin (3. des.) og munu þær síðan koma á hverjum degi í desember fram til jóla. Vefslóð er <http://www.namsgagnastofnun.is/jol2007/index.htm>. Tilvalið til að nota í kennslunni.
- » Í *Skólavefritinu* hefur marg oft veri' bent á ýmsan frían hugbúnað fyrir skólastarf og kennara. Hér er bent á nokkra vefi sem miðla aðgengi að margvíslegum fríum hugbúnaði og það er ótrúlega margt að gerast í fríum hugbúnaði þessi misserin:
 - <http://www.giveawayoftheday.com/>
 - <http://downloads.zdnet.com/>
 - <http://all4you.dk/FreewareWorld/links.php>
 - <http://www.wugnet.com/shareware/spowmap.asp>
 - <http://game.giveawayoftheday.com/>
 - <http://www.aplusfreeware.com/>
 - <http://www.photo-freeware.net/>



Gildi opins kennsluefnis í skólastarfi

Fræðiefni vikunnar er 153 síðna skýrsla frá OECD um gildi og vægi opins kennsluefnis sem sífellt verður meira í umræðunni. Skýrslan heitir *Giving Knowledge for Free. The Emergence of Open Educational Resources*.

Í skýrslunni er velt upp stöðu, gildi og mikilvægi opins kennsluefnis sem sífellt verður meira áberandi á vefnum undir merkjum OER-hreyfingarinnar. Meginniðurstaða skýrslunnar er jákvætt viðhorf til þessarar aðferðafræði því þróun í að-



VEFSLÓÐ: <http://213.253.134.43/oecd/pdfs/browseit/9607041E.pdf>

gengi að upplýsingum væri hvað hröðust hér. Þó þyrfti að skoða mál er snéru að höfundarrétti og misnotkun upplýsinga, þ.e. birtingu efnis frá þriðja aðila án vitundar hans eða vilja þótt tilkoma *Creative Commons* leysi slíkt að einhverju marki. Í heildina séð stuðli opið kennsluefni og hreyfingin á bak við auki aðgengi að þekkingu og menntun í heiminum.

Hægt er að skoða skýrsluna alla á vefnum (pdf) en ekki er hægt að prenta hana út. Möguleiki er að panta bókina hjá OECD.

Fræðiefnið

Myndræn ensk orðabók á vefnum

Merriam-Webster er orðabókarútgefandi. Á vefnum eru þeir með skemmtilega útfærslu af orðabók sem er fólgin í að orð tengjast alltaf myndum. Þannig er hægt að finna ensk heiti fjölmargra orða með því að skoða einstaka hluti, dýr, tækni, staði, náttúrufrýrbæri, listir og menntun í gegnum vef þeirra.

Vefurinn er vel flokkaður

VEFSLÓÐ: <http://visual.merriam-webster.com/>

Vefhornið



og auðvelt að finna heiti yfir margvísleg fyrirbæri með því að fara í gegnum myndrænt leiðarkerfi að þeim hlut sem leitað er nafn á (sjá mynd).

Mjög skemmilegur vefur og fróðlegur og gæti nýst vel í enskunámi.

